SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Alþingi
B.t. þingmanna
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Selfossi, 12. júní 2024

**Efni:** Ályktanir aukaaðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) til Alþingis og ríkisstjórnar.

Á aukaaðalfundi SASS sem haldinn var í Vestmannaeyjum 7. júní sl. var eftirfarandi bókað:

> *„Aukaaðalfundur SASS 2024* ***skorar á Alþingi*** *að* ***samþykkja tafarlaust samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038****. Innviðaframkvæmdir á sjó, á landi og í lofti velta á því að áætlunin sé samþykkt og óásættanlegt að ljúka þingstörfum án þess að Alþingi afgreiði málið."*

> *„Aukaaðalfundur SASS 2024* ***hvetur ríkisstjórn*** *til þess að* ***tryggja fjármögnun rannsókna á jarðlögum á milli lands og Vestmannaeyja*** *sem vinnuhópur um fýsileika Vestmannaeyjagangna telur nauðsynlegt að fara í til að hægt sé að taka ákvörðun um framtíðar samgöngur við Vestmannaeyjar."*

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðmundsson

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri